

Alþingi
Erindi nr. Þ 133/609
komudagur 7.12.2006



talsmaður neytenda

Alþingi - nefndasvið
B.t. ritara efnahags- og viðskiptanefndar
Alþingi
150 Reykjavík

Embætti talsmanns neytenda
Forbrugertalsmanden
The Consumer Spokesman

tn@tn.is www.tn.is

Höfðaborg
Borgartúni 21, 2. hæð
IS-105 Reykjavík
Sími 510 1100, fax 510 1101

Reykjavík, 04.12.2006
Tilv. 2005/0037 - 2.0
GT

Efni: Umsögn talsmanns neytenda um 359. mál, frv. til laga um breyting á lögum nr. 29/1993 um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. með síðari breytingum, framlenging tímabundinnar lækkunar gjalds (133. löggj.þ.)

Vísað er til bréfs yðar, dags. 24. nóvember sl., um ofangreint þingmál. Meðal hlutverka talsmanns neytenda er skv. 6. gr. laga nr. 62/2005 að standa vörð um hagsmuni og réttindi neytenda og setja fram úrbótatillögur um reglur „er varða neytendur sérstaklega“. Með hliðsjón af því takmarka ég umsögn mína við hagsmuni og réttindi neytenda. Ég hef ekki áður gefið umsögn um drög að frumvarpi þessu.

Með vísan til röksemda í athugasemdum með frumvarpinu tek ég undir þörf á heimild til þess að lækka vörugjald af bifreiðum með vélar sem nýta metangas eða rafmagn að verulegu leyti. Með því er ekki tekin afstaða til réttmætis vörugjalda. Um leið skal áréttuð afstaða í hjálagðri umsögn, dags. 18. maí sl., um 794. mál á 132. löggjafarþingi, frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald o.fl., framlenging á lækkun olíugjalds, þar sem sagði m.a.:

„Tel ég því rétt að breytingar sem gerðar eru á óbeinum sköttum á borð við olíugjald, sem neytendur bera á endanum, séu gerðar með ótímabundnum hætti og séu þannig varanlegar – þar til önnur skipan er gerð á af hálfu löggjafans. Byggist þessi afstaða jafnframt á því að góðir löggjafarhættir feli í sér að viðskipti lúti ekki bráðabirgðaráðstöfunum.“

Virðingarfyllst,
talsmaður neytenda,


Ósli Tryggvason.

talsmaður neytenda

- stendur vörð um hagsmuni og réttindi neytenda
- stuðlar að aukinni neytendavernd
- gefur út rökstuddar álitserðir
- gerir tillögur um úrbætur
- kynnir reglur um neytendamál
- leiðbeinir um meðferð ágreiningsmála
- bregst við brotum gegn réttindum og hagsmunum neytenda
- er óháður fyrirmælum frá öðrum

Alþingi - nefndasvið
B.t. ritara efnahags- og viðskiptanefndar
Alþingi
150 Reykjavík

Embætti talsmanns neytenda
Forbrugertalsmanden
The Consumer Spokesman

tn@tn.is www.tn.is

Höfðaborg
Borgartúni 21, 2. hæð
IS-105 Reykjavík
Sími 510 1100, fax 510 1101

Reykjavík, 18.05.2006
Tilv. 2005/0037

GT

Efni: Umsögn talsmanns neytenda um 794. mál, frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 87/2004, um olúgjald og kílómetragjald o.fl. með síðari breytingum, framlenging á lækkun oliugjalds, og um meðfylgjandi breytingartillögur við málið (132. löggjafarþing)

I

Vísað er til bréfs yðar, dags. 5. maí sl., um ofangreint þingmál og breytingartillögur við það. Meðal hlutverka talsmanns neytenda er skv. 6. gr. laga nr. 62/2005 að standa vörð um hagsmuni og réttindi neytenda, stuðla að aukinni neytendavernd og setja fram úrbótatillögur um reglur „er varða neytendur sérstaklega“. Með hliðsjón af því takmarka ég umsögn mína við hagsmuni og réttindi neytenda.

II

Með bréfi til yðar, dags. 30. nóvember sl., tilkynnti ég að ég tæki ekki afstöðu til 30. máls sem að hluta var sambærilegt og þetta mál þar eð það fól einnig í sér *tímabundna* lækkun bensíngjalds og olúgjalds. Sú ákvörðun var tekin með hliðsjón af því að þegar um væri að ræða beina aðild ríkisins, svo sem af tekjum með skattlagningu, ætti embætti talsmanns neytenda síður að taka mál til sérstakrar skoðunar. Rök með athugun eru á hinn bóginn þegar afskipti stjórnvalda, t.d. með óbeinum sköttum, eru til þess fallin að raska frjálsum viðskiptum – neytendum í óhag. Þá leit ég einnig til þess að fyrir Alþingi lá þá stjórnarfrumvarp, 363. mál, sem gekk í sömu átt hvað olúgjald og kílómetragjald varðar þótt skemmra væri gengið í lækkun en á hinn bóginn lengra í gildistíma. Var það mál sem kunnugt er samþykkt sem lög nr. 126/2005 um breyting á lögum nr. 87/2004 um olúgjald og kílómetragjald. Kom það í stað tímabundinnar breytingar með lögum nr. 70/2005, sama efnis. Þá er það umhverfis-, samgöngu- og efnahagspólitískt mál – fremur en neytendapólitískt eðlis – hver fjárhæð olúgjalds eigi að vera.

talsmaður neytenda

- stendur vörð um hagsmuni og réttindi neytenda
- stuðlar að aukinni neytendavernd
- gefur út rökstuddar álitserðir
- gerir tillögur um úrbætur
- kynnir reglur um neytendamál
- leiðbeinir um meðferð ágreiningsmá
- bregst við brotum gegn réttindum og hagsmunum neytenda
- er óháður fyrirmælum frá öðrum

III

Þrátt fyrir þetta er nú rétt að mínu mati að talsmaður neytenda taki afstöðu til málsins þar sem það kemur endurtekið fram og er mjög í almennri umræðu.

Þó að greiðendur skatta – einnig óbeinna skatta á borð við olíugjald – hafi sem slíkir vitaskuld ávallt hagsmuni af því að þeir séu sem lægstir tel ég hagsmuni neytenda einkum felast í því að ýmis konar neysluskattar séu einfaldir, stöðugir og gagnsæir enda er slíkt fyrirkomulag til þess fallið að bæta verðskyn neytenda og auka samkeppni. Þá kann að vera mismunandi að hve miklu leyti lækkun á slíkum gjöldum skili sér til neytenda og á það ekki síst við þegar um er að ræða tímabundnar breytingar. Tel ég því rétt að breytingar sem gerðar eru á óbeinum sköttum á borð við olíugjald, sem neytendur bera á endanum, séu gerðar með ótímabundnum hætti og séu þannig varanlegar – þar til önnur skipan er gerð á af hálfu löggjafans. Byggist þessi afstaða jafnframt á því að góðir löggjafarhættir feli í sér að viðskipti lúti ekki bráðabirgðaráðstöfunum. Á það enn frekar við héraendis þar sem tímabundnar ráðstafanir sem þessar geta raskað gildandi fyrirkomulagi á tengingu neytendalána við vísitölu neysluverðs en nú er til sérstakrar athugunar hjá embætti talsmanns neytenda hvort það fyrirkomulag brýtur gegn hagsmunum og réttindum neytenda. Þá virðist framangreind afstaða í samræmi við þau áform sem birtust í greinargerð með frumvarpi sem varð að lögum nr. 126/2005 um breyting á lögum nr. 87/2004 um olíugjald og kílómetragjald en þar sagði í almennum athugasemdum, þskj. 414:

„Á fyrri hluta næsta árs mun þá gefast færi á að yfirfara betur innbyrðis samræmi milli olíugjalds, bensíngjalds og kílómetragjalds [...]“

Verði frumvarp þetta samþykkt er þing kemur saman í mailok hefur 2ja ára gömlum lögum þá verið breytt þrívægis að þessu leyti með bráðabirgðaákvæðum – með tiltekinn gildistíma, 6 mánuði í senn – sem hljóða svo:

„Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 1. gr. laga þessara skal fjárhæð olíugjalds vera 41 kr. á hvern lítra af olíu frá [...] til [...]“

IV

Með vísan til framangreindra hagsmuna neytenda af einföldum, stöðugum og gagnsægjum lagareglum um verðmyndun, viðskiptahætti og viðskiptakjör, sbr. III kafla hér að ofan, vil ég mælast til þess að breytingar á fjárhæð olíugjalds verði *ótímabundnar* enda tel ég neytendur jafnframt eiga rétt á því. Sama á við varðandi 1. tl. (4. gr. frv.) í breytingartillögum á þskj. 1270.

V

Hvað fjárhæð olfugjalds varðar vil ég með vísan til sjónarmiða í II kafla hér að ofan ekki taka afstöðu, sbr. 4. gr. frumvarpsins og breytingartillögu í 1. tl. á þskj. 1270.


VI

Að því er varðar 3. tl. (nýr kafli II og ákvæði til bráðabirgða í frv.) í breytingartillögum á þskj. 1270 um vörugjald vil ég með vísan til sjónarmiða í II kafla hér að ofan áréttu að ég tel að neysluskattar eigi að vera einfaldir, stöðugir og gagnsæir en í hinu síðastgreinda felst m.a. að þeir hafi ekki í för með sér uppsöfnunaráhrif eða flókin vixlverkunaráhrif. Ég tel að afnám eða lækkun vörugjalda eigi að ákveða varanlega í kjölfar heildstæðrar skoðunar fremur en tímabundið með vísan til endurskoðunar kjarasamninga eins og gert hafi verið 2002 eða verðbólguhorfa eins og nú er lagt til.

VII

Hvað varðar þá tillögu á þskj. 1250 að tilgreindur hluti innheimtra tekna samkvæmt lögum nr. 87/2004 um olfugjald og kílómetragjald renni til þess að efla almenningssamgöngur tel ég slíka ráðstöfun til þess fallna að fjölga valkostum neytenda m.t.t. annarra samgangna en með einkabifreið. Með vísan til þess vil ég taka undir tillöguna hvað almenningssamgöngur varðar enda er þörf á að gera aðra kosti raunhæfa fyrir fleiri sem geta á annað borð valið aðrar leiðir en einkabifreið. Þá geta umbætur á almenningssamgöngum hugsanlega haft það í för með sér að ferðatími í einkabifreiðum styttest eins og sums staðar er þörf á.

Virðingarfyllst,
talsmaður neytenda,



Gísli Tryggvason.